

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. október 2016 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-30/2016:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 19. apríl sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún telur vera á rúmdýnu, sem hún keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess seljandi afhendi sér nýja samskonar ógallaða dýnu.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 22. mars sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 6. apríl. Með bréfi, dags. 13. apríl, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 27. apríl. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 9. september, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur m.a. fram að hinn 26. október 2011 keypti álitsbeiðandi rúmdýnu af seljanda fyrir kr. 127.199. Segir álitsbeiðandi að örfáum mánuðum eftir kaupin hafi myndast dæld í miðri dýnunni sem henni hafi þótt óeðlileg. Hafi hún staðið í stappi við seljanda síðan og m.a. fengið afhenta yfirdýnu frá félaginu, til að reyna að leysa vandamálið. Í mars sl. hafði álitsbeiðandi síðan samband við framkvæmdastjóra seljanda og rakti mál sitt en fékk þau svör að dýnan hefði verið skoðuð 3-4 sinnum af seljanda og ekkert sé að henni annað en að myndast hafi far þar sem álitsbeiðandi sofi, en það telur framkvæmdastjórinn ekki vera galla. Sem fyrr segir krefst álitsbeiðandi þess að seljandi afhendi sér nýja dýnu.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda segir m.a. að starfsmaður seljanda hafi skoðað dýnuna og ekki talið hana haldna galla. Segist seljandi vinna eftir því viðmiði að ef um sig í svampdýnu sé að ræða, sem sé meira en 2,5 cm, sé um galla að ræða, annars ekki. Sigið í dýnu álitsbeiðanda hafi verið minna en það, sem seljandi telji eðlilegt og því sé ekki um galla að ræða.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur m.a. fram að álitsbeiðandi mótmælir því að dýnan hafi nokkurn tímann verið mæld. Hið rétta sé að starfsmenn seljanda hafi skoðað dýnuna, en aldrei mælt. Því liggi bara alls engin mæling fyrir á dýnunni.

VI

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup,

lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi rúmdýnu af seljanda hinn 26. október 2011 fyrir kr. 127.199

Álitsbeiðandi heldur því fram að dýnan sé haldin galla. Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef „hann sé ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.“ Í b-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað.“

Kærunefndin telur rétt að rekja, að í kauparétti gildir sú meginregla að sá sem heldur fram galla, þarf að sýna fram á að sá galli sé til staðar. Slíkt er hægt að gera .t.a.m. með því að leggja fram ljósmyndir af hinum meinta galla sem og að leggja fram mælingar á dýnunni, eða mat óháðs aðila á ástandi hennar. Engin viðlíka gögn hafa verið lögð fram í málinu af hálfu álitsbeiðanda og raunar ekkert sem styður fullyrðingar hans um að dýnan sé haldin galla. Gegn neitun seljanda á því að dýnan sem um ræðir sé haldin galla, verður því ekki fallist á að hún sé það, í skilning 16. gr., sbr. 15. gr. laganna. Verður því þegar af þeim sökum að hafna kröfu álitsbeiðanda.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kærunefndin óstarfhæf sakir þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

VII Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson